

Vorsýning á 40 ára afmæli Myndlista- og handiðaskólans:

„Hér eru áreiðanlega allir við nám af einskærum áhuga“

Vorsýningu nemenda Myndlista- og Handiðaskóla Íslands lýkur á morgun. Sýningin er sett upp á Kjarvalsstöðum að þessu sinni í tilefni 40 ára afmælis skólans. Einnig gaf skólinn út veglegt afmælisrit. Skólastjóri skólans, Einar Hákonarson, ritar þar grein, er nefnist „Skóli í fjörtíu ár“ — segir hann m.a.: „Skólinn er margþættur og segja má að innan veggja hans rúmist fjórir skólar, sem í mörgum löndum eru allt sjálfstæðar stofnanir. Í fyrsta lagi er skólinn myndlistarskóli í öðru lagi listiðnaðarskóli, í þriðja lagi kennaraskóli og fjórði þátturinn er svo sú þjónusta, er skólinn veitir með námskeiðum fyrir áhugafólk um tómstundaiðu, og þá er vilja með frekara námi mennta sig til meiri hæfni og lífsánægju.“


Það er trú mín að vegur sjónmennta hafi vaxið hér á landi hin síðari ár. Sá mikli áhugi og árangur, er kemur fram á mörgum sviðum þjóðlífsins, bera þess vitni. Flest okkar listafólk frá stríðslokum hefur stigið sín fyrstu spor í

þessum skóla. Skilningur yfirvalda hefur jafnan verið af skornum skammti hvað viðvíkur skólanum, allt frá stofnun hans.“

Síðan rekur Einar í grein sinni húsnæðisvandamál og tækjaskort skólans og minnir á nýtt lagafrumvarp um skólann, er liggur nú fyrir Alþingi. Einar segir í lok greinarinnar: „Það væri verðug afmælisgjöf á 40 ára afmæli skólans að yfirvöld tækju nú málefni hans föstum tókum er leiddu til lykta á sem farsælastan hátt.“

Í tilefni af sýningunni og afmæli skólans sóttum við heim sýninguna og tókum þar nokkra nemendur tali.

Einar Hákonarson skoðar árangur í áferðarteikningu hjá Forskóla II.



Viðtöl Fríða Proppé

Ljósmynd.: Kristinn, Emilía og RAX.

„Auglýsingateiknun vaxandi atvinnugrein“

Margrét Hrönn Helgadóttir auglýsingadeild hafði eftirfarandi að segja:


„Ég valdi auglýsingadeild, þar sem ég taldi mestu atvinnuönguleikana tengda því námi. Auglýsingateiknun er vaxandi atvinnugrein í mörgum löndum. Hægt er að fá starf erlendis á þeim vettvangi, án þess að tungumálakunnátta valdi þar erfiðleikum. Ég hef mikinn áhuga á að sjá mig um í heiminum og hygg á framhaldsnám í Bandaríkjunum, ef mér tekst að fá styrk til náms þar.“

Margrét sagði, að kynna mætti skólann betur, margir hefðu ekki hugmynd um tilvist hans og sama

mætti segja um kynningu inn á við. „Fæst af okkur í auglýsingadeildinni vorum nógu vel upplýst um, hvað við vorum að fara í, þegar við höfum þar nám.“

Hún sagði að sér líkaði námið vel. „Auglýsingateiknun er fjölbreytt nám. Við lærum hönnun á „andliti fyrirtækja“, þ.e. útbúnað bréfsfna o.fl., myndskreytingar, hönnun bókakápa og plötuumslaga svo eitthvað er nefnt. Markaðsfræði er einnig hluti námsins.“

Margrét sagði að lokum, að til að skólinn gæti sinnt hlutverki sínu yrði að styrkja hann betur hvað varðar sómasamlegt húsnæði og tækjabúnað.



Margrét Hrönn við tillögur af veggspjaldi, á hún nefnir „Dagur hestsins“. Hún sagði að þau hefðu gert 6 mismunandi tillögur að sjálfvöldu verkefni og hefði hún valið „Dag hestsins“.



Á bak við Gerði má sjá grafíkmyndir hennar „Haustblóm“ og „Form“.

„Eini skólinn þar sem reka þarf nemendur heim á kvöldin“

Gerður Pálmadóttir grafíkdeild hafði eftirfarandi að segja um skólann og tilveruna:

„Að mínu áliti er hlutverk skólans ekki eingöngu það að útskrifa listamenn. Hann hjálpar einnig fólki til að finna sjálft sig. — Það eru alltof margir, sem eru í vandræðum með að eyða frístundum sínum. Það ætti að leggja meiri áherslu á þennan þátt í grunnskólakennslu.“

Í skólanum er allt annar andi en í öðrum framhaldsskólum. Fólk vinnur hér af einlægni og áhuga. Hann er áreiðanlega eini skólinn þar sem reka þarf nemendur heim með harðri hendi á kvöldin. Margir nemendanna hafa lokið námi við aðra skóla eða koma í skólann eftir

margra ára störf á atvinnu- markaðinum. Hér er áreiðanlega hæsta prósentu foreldra við nám. Skólinn gerir menn ríkari, aðeins af því, að fá að njóta umhverfisins.

Það eina sem að er í skólanum er aðstöðuleysið. Húsnæðismálin eru fyrir neðan allar hellur. Húsnæði grafíkdeildarinnar er áreiðanlega heilsuspillandi. Einnig er áhaldaleysi tilfinnlegt. Skólayfirvöld mættu veita skólanum meiri athygli á þessu sviði.“


Gerður sagði að lokum: „Oft er talað um ólifnað á nemendum skólans. Ég hef nú setið hér á skólabeck í þrjú ár og aldrei orðið vör við neitt slíkt. Og að síðustu vil ég bera fram þá ósk, að það snjó nú ekki meira í sumar.“

„Í deildinni er enginn einn ismi“

Eggert Pétursson, nýlistadeild var í vetur á lokaári.

Hann sagði, að í deildinni væri enginn einn ismi. „Við höfum fengist við margvísleg efni. Við lærðum kvikmyndun, Atli Heimir leiðbeindi okkur á tónlistarsviðinu í tvo mánuði. Við fengumst mikið við ljósmyndun og Magnús Pálsson leiðbeindi á bókagerðarönn. Í nýlistadeild er mikið unnið í hópvinna og þá sérstaklega á tónlistarsviðinu. Verkefni okkar eru ekki bundin neinu einu efni, listina finnum við í margbreytilegu formi.“

Eggert sýndi okkur nokkrar bækur, sem nemendur nýlista-



„Það er mjög misjafnt hvaða deildir nemendur velja sér. Mestur straumur hefur verið upp á síðkastið í grafík og málun.“ sagði Ari Kristinnson form. skólafélagsins.